

Umhverfisstofnun
Ab. SF
23 OKT. 2003
54.52
Tilv. UST20030900166



UST

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun, Pósthólfur 1, 105 Reykjavík, Ísland

Netfang: ust@ust.is

Netfang: ust@ust.is

Netfang: ust@ust.is

Netfang: ust@ust.is

Netfang: ust@ust.is

Netfang: ust@ust.is

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

22. október 2003
Tilvísun: UST20030900166/sf

Sæbraut í Reykjavík, Laugarnesvegur - Kambsvegur. Matsskylda.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 24. september sl., þar sem óskað er álit
Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum,
að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við framkvæmdina.

Forsendur

Samkvæmt 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru stofnbrautir í
þéttbýli matsskyldar framkvæmdir. Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram það álit að
þetta ákvæði eigi aðeins við um nýlagningu vegar og að lög nr. 106/2000 skeri ekki úr um
það með óyggjandi hætti hvort fyrirhuguð framkvæmd sé matsskyld eða ekki.
Framkvæmdaraðili lítur svo á að fyrirhugaðar framkvæmdir við Sæbraut feli ekki í sér
nýlagningu vegar þar sem einungis sé verið að fullgera veginn samkvæmt skipulagi. Því falli
framkvæmdin undir tl. 13.a. í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum en
skv. því eru meðal tilkynningarskyldra framkvæmda: „*Allar breytingar eða viðbætur við
framkvæmdir skv. 1. eða 2. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í
framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.*”

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skilgreint verði með skýrum hætti hvaða
framkvæmdir falli undir tl. 10.i. í 1. viðauka laga nr. 106/2000 sem stofnbrautir í þéttbýli og
bendir á að framkvæmdir geta verið háðar mati á umhverfisáhrifum þrátt fyrir að þær séu í
samræmi við staðfest aðalskipulag. Jafnframt bendir stofnunin á að hafa verður í huga að auk
beinna áhrifa af vegalagningu geta vegaframkvæmdir kallað á afleiddar framkvæmdir, t.d
vegna mengunarvarna s.s. hljóðvistar, loftmengunar og frárennslis.

Verndarsvæði

Fyrirhugað framkvæmdasvæði fer inn á svæði nr. 123 á náttúruminjaskrá, þ.e. *Vesturhorn
Laugarness*, en í náttúruminjaskrá er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt:

Vesturhorn Laugarness, Reykjavík. (1) Mörk svæðisins eru að sunnan frá Kleppsvegi á mótis við Suðurkotsvör
meðfram Kleppsvegi að Laugarnesvegi og þaðan meðfram húsum Tollvörugeymslunnar og Kletts í sjó. (2)
Fjörur og strandbelti á vesturstrnd Laugarness, sem að mestu er óröskuð strandlengja með sérkennilegum
sjávarrofnum klettum. Vinsæll útivistar- og útsýnisstaður, ásamt menningarsögulegum minjum.

Laugarnestangi er skilgreindur sem hverfisverndarsvæði í staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 en þar segir um svæðið: „*Sjaldgæfar plöntutegundir innan borgar, ósnortin fjara.*” Þá má benda á að í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um náttúrufar með Sundum, sem unnin var fyrir Reykjavíkurborg, segir m.a.: „*Á Laugarnestöngum er eina svo til óspillta landið og fjaran á allri norðurströnd Reykjavíkur vestan Geldinganes.*” Í skýrslunni er lagt til að svæðið verði útivistarsvæði þar sem lögð verði áhersla á villta náttúru og minjar um gamla búsetu.

Af framansögðu er ljóst að vesturhorn Laugarness hefur verndargildi vegna óspilltrar náttúru og fornminja og sem útivistarsvæði í þéttbýli.

Við fyrirhugaðar framkvæmdir við Sæbraut í Reykjavík mun lítill hluti nyrðri akbrautarinnar fara inn á ofangreint svæði auk þess sem göngustígur meðfram akbrautinni verður innan svæðisins. Göngustígurinn verður malbikaður og þriggja metra breiður.

Umhverfisstofnun telur, með hliðsjón af framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, að það rask sem verður við framkvæmdina á svæði nr. 123 á náttúruminjaskrá sé það lítið að umfangi að það raski ekki verndargildi svæðisins. Þar sem framkvæmdin er að hluta til innan verndarsvæði telur stofnunin þó mikilvægt að jarðraski verði haldið í lágmarki og að framkvæmdasvæðið verði skilgreint eins þröngt og nokkur kostur er.

Náttúrufar

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur gert úttekt á náttúrufari Laugarness fyrir Reykjavíkurborg (Náttúrufræðistofnun Íslands, 1999: Náttúrufar með Sundum í Reykjavík). Í skýrslu stofnunarinnar kemur m.a. fram að í Laugarnesi hafa fundist 115 tegundir háplantna auk ættkvísla túnfífla. Tegundirnar er allar algengar á landsvísu en margar þeirra eru sjaldgæfar á svæðinu og er Laugarnesið eini vaxtarstaður þeirra með allri norðurströnd hins forna Seltjarnarness. Fram kemur í skýrslunni að lítið megi út af bera til að þessar tegundir hverfi alveg. Því skipti miklu máli að sem minnst sé hróflað við villta gróðrinum og komið í veg fyrir að áburði sé dreift á svæðinu. Samkvæmt gróðurkortu af Laugarnesi, sem fylgir fyrrgreindri skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands, er það svæði sem raskast við fyrirhugaðar framkvæmdir flokkað sem graslendi, graslendi í órækt, ræktað graslendi og raskað land.

Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að þess verði gætt að raska sem minnstu af svæðinu við fyrirhugaðar framkvæmdir og að ekki verði dreift áburði eða fram fari sáning sem haft gæti áhrif á náttúrulegan gróður í Laugarnesi.

Í fyrrgreindri skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur m.a. fram að fuglalíf í Laugarnesi er fremur fábreytt enda er svæðið ekki stórt og kjörlendi fábreytt. Í skýrslunni kemur einnig fram að skráðar hafa verið 43 fuglategundir á svæðinu en þeim muni án ef fjölga við frekari athuganir. Jafnframt er bent á að þrátt fyrir að fremur fátt fugla verpi í Laugarnesi sé fuglalíf við ströndina fjölbreytt og vegna legu sinnar sé nesið kjörið sem fuglaskoðunarstaður.

Umhverfisstofnun telur að teknu tilliti til umfangs og staðsetningar nýrrar akbrautar og göngustígar muni fyrirhugaðar framkvæmdir við Sæbraut ekki hafa umtalsverð áhrif á fuglalíf í Laugarnesi.

Efnistaka

Í tilkynningu framkvæmdaraðila er kafli um „efnisjafnvægi” og kemur þar fram að alls þurfi að aka burt um 17.000 m³ af efni vegna framkvæmdinnar, sem verði losað á viðurkennda losunarstaði. Fram kemur einnig að um 15.000 m³ af efni þurfi í framkvæmdina.

Umhverfisstofnun bendir á að í tilkynningu framkvæmdaraðila er ekki fjallað ítarlega um efnisþörf vegna framkvæmdarinnar. Miðað við aðrar sambærilegar framkvæmdir telur

stofnunin ólíklegt annað en að þörf sé á meira en 15.000 m³ af fyllingar- og burðarlagsefni vegna framkvæmdarinnar.

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að aðflutt fyllingarefni verði fengið úr námum í rekstri á höfuðborgarsvæðinu eða nágrenni þess. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að því verði fylgt eftir að öll efnistaka verði úr námum sem nú þegar eru í rekstri. Jafnframt bendir stofnunin á að óheimilt er að hefja vinnslu á nýjum efnistöðum nema fyrir liggja framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarfélags og uppfyllt séu ákvæði VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, sem fjallar um nám jarðefna.

Hljóðvist

Umhverfisstofnun telur upplýsingar um hljóðstig vera ófullkomnar. Útreikningar miða við byggingu 2ja metra hárrar hljóðvarnar án þess að skýrt sé hvernig hún verður úr garði gerð. Einnig vantar samanburð á hljóðstigi fyrir ofan hljóðvörnina, t.d. á 3. og 4 hæð húsa við Kleppsveg. Umhverfisstofnun vekur jafnframt athygli á að hljóðvarnir hafa sjónræn áhrif og geta haft áhrif á útsýni. Stofnunin bendir á að ef íbúar telja sjónræn áhrif hljóðvarna óásættanleg og þeim verður því breytt geta áhrif þeirra á dreifingu hávaða breyst í kjölfarið. Því er mikilvægt að útfærsla hljóðvarna sé kynnt íbúum á fyrstu stigum og virkni þeirra til hávaðavarna séu metin á ný ef útfærsla þeirra breytist við samráð.

Ekki verður séð að við útreikninga á hljóðstigi hafi verið gert ráð fyrir breyttri tilhögun vegamóta annars vegar við Laugarnesveg og hins vegar við Klettagarða.


Þrátt fyrir að upplýsingar um hljóðstig séu ófullkomnar telur Umhverfisstofnun ljóst af framlögðum gögnum að framkvæmdin muni ekki valda umtalsverðum umhverfisáhrifum hvað þennan þátt varðar.

Niðurstaða

Með hliðsjón af framangreindu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir við Sæbraut í Reykjavík muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst,


Sigrún Friðriksdóttir


Gunnar S Jónsson
staðgengill forstöðumanns
framkvæmda- og eftirlitssviðs